


# LAX- OG SILUNGSVEIÐIN 1997

GUÐNI GUÐBERGSSON

mars 1998

VMST-R/98004

VEIÐIMÁLASTOFNUN  
*Bókasafn*



## VEIÐIMÁLASTOFNUN

Fiskrækt og fiskeldi • Rannsóknir og ráðgjöf

## EFNISYFIRLIT

bls

Inngangur.....	1
Aðferðir.....	2
Laxveiðin 1997.....	3
Stangveiði.....	3
Netaveiði.....	4
Hafbeit.....	4
Umræður.....	5
Þakkarorð.....	7
Heimildir.....	7
Myndir .....	9
Tölur .....	10-22

## INNGANGUR

Úrvinnslu veiðiskýrslna fyrir laxveiðina 1997 er nú lokið. Eins og verið hefur sendi Veiðimálastofnun út veiðibækur fyrir veiðitímamann og var þeim síðan safnað saman að honum loknum. Í flestum tilfellum bárust bækurnar fljótt en þó voru einstaka undantekningar sem seinkaði útgáfu heildarsamantektar og í einstaka tilfellum vantar skráningu.

Veiðitölur er oftlega notaðar til að meta verðgildi veiðiáa og veiðivatna og skiptingu arðs milli veiðiréttarhafa. Einnig eru veiðitölur lagðar til grundvallar við rannsóknir á fiskstofnum og til að meta árangur af fiskræktaraðgerðum. Góðar veiðiskýrslur eru hornsteinn þess að hægt sé að fylgjast með breytingum á afla og mikilvægar varðandi nýtingu, verndun og viðhald þeirrar auðlindar sem felst í lax- og silungsveiði. Skráning veiði og samantekt hennar hér á landi er með því besta sem gerist hjá laxveiðipjóðum. Það er ekki síst að þakka frumkvöðlum í veiðimálum, góðu skipulagi hjá veiðifélögum og nýtingu þeirrar auðlindar sem í fiski í ám og vötnum felst og síðast en ekki síst framlagi veiðimanna sem skrá veiðina í veiðibækur. Skráning veiði hér á landi er einnig liður í að fylgjast með viðgangi og nýtingu laxastofna í Norðuratlantshafi.

Við ákvörðun á fjölda stangardaga í veiðiám þarf samþykki Veiðimálanefndar. Sókn metin í fjölda stangardaga hefur lítið breyst á undanförunum áratugum og því hefur afli verið notaður sem mælikvarði á stofnstærð og stofnsveiflur. Með breytingu á lögum nr:76 frá 1970 um lax- og silungsveiði sem gerð var 1994 var veiðitími á laxi og göngusilungi rýmkaður og má nú standa frá 20. maí til 30. september, en þó ekki lengur en 3 1/2 mánuð. Veiðitími hefur víðast hvar haldist óbreyttur en þó einna helst verið breytt á Suðurlandi. Við rýmkaðan veiðitíma breytist veiðiálag frá fyrri árum og getur það haft áhrif á heildarveiði áa. Mikilvægt er að ástundun og stanganotkun sé skráð til að hægt sé að bera saman breytingar á afla á sóknareiningu milli ára. Fremsta opnan í veiðibókinni hefur að geyma eyðublöð sem ætluð eru til þessarar skráningar.

Nú færast í vöxt að stangveiddum fiski sé sleppt aftur og því hugsanlega veiddur oft en einu sinni. Þetta getur haft áhrif á veiðitölur og samanburð þeirra við fyrri ár. Því er mjög nauðsynlegt að greinilega sé merkt, í veiðibók, við þá fiska sem veiddir eru og sleppt aftur. Þá er mikilvægt að gerðar séu úttektir á því hversu hátt hlutfall þeirra fiska sem sleppt er veiðist aftur.

Á árinu 1997 var laxveiði í sjó einungis stunduð í ágúst frá einni jörð við Vesturland. Gengið hefur verið frá samningum um uppkaua á öðrum netaveiðirétti á laxi í sjó. Skýrslur yfir

veiði á silungi í sjó bárust einungis frá tveimur aðilum en líklegt er talsverð silungsveiði í sjó sé óskráð. Mikilvægt er að bæta þá skráningu.

## AÐFERÐIR

Úrvinnsla veiðiskýrslna var með sambærilegu sniði og verið hefur undanfarin ár (Guðni Guðbergsson og Einar Hannesson 1987; Guðni Guðbergsson 1988; 1989; 1990; 1991; Guðni Guðbergsson og Friðþjófur Árnason 1992; 1993 og 1994; Guðni Guðbergsson 1995; 1996 og 1997a). Úr hverri veiðibók eru tölvuskráðar upplýsingar um veiðitíma, fisktegund, kyn, þyngd, lengd og veiðarfæri auk veiðistaðar ef númer þeirra er skráð í þar til gerðan reit. Nú var einnig skráður fjöldi þeirra fiska sem voru veiddir og sleppt aftur.

Heildarfjöldi fangaðra (laxa sem skráðir eru í veiðibók) er lagður saman, fjöldi þeirra sem sleppt er og fjöldi landaðra fiska ásamt þyngd er skráð. Þá er tekin saman meðalþyngd veiðinnar. Laxveiðinni er skipt í smálaxa og stórlaxa og er átt við að smálax sé sá lax sem dvalið hafa eitt ár í sjó en stórlax tvö ár eða lengur. Fjöldi smálaxa og stórlaxa er miðaður við fjölda fangaðra fiska sem skráðir eru í veiðibækur. Skiptingin milli smálax og stórlax er gerð þannig að hængar 8 pund og þyngri eru taldir vera tveggja ára úr sjó, en hrygnur 7 pund og þyngri. Skipting í smálax og stórlax getur verið breytileg milli áa og ára, en þessi skipting á við í langflestum veiðiám. Þyngd laxfiska er jafnan gefin upp í pundum en 1 pund er skilgreint sem 500 grömm. Reiknað er hlutfall smálaxa og stórlaxa í veiðinni. Skráð silungsveiði ergerð upp á líkan máta og laxveiðin. Öll veiðin er tekin saman eftir kjördæmum.

Listi yfir laxveiði allflestra áa er birtur fyrir tímabilið frá 1974 - 1997. Á því tímabili eru upplýsingar til á tölvutæku formi og einnig að mestu leyti sambærilegar milli ára. Veiði á silungi, urriða og bleikju, er tekin saman fyrir tímabilið frá 1987 - 1997 fyrir valdar veiðiár en ekki er um tæmandi lista að ræða. Við skráningu silungsveiði er ekki gerður greinarmunur á sjógengnum fiskum og staðbundnum. Auk heildarveiði er reiknuð minnsta og mesta veiði á tímabilinu. Á undanföllum árum hefur nokkuð verið um að hafbeitarlaxi væri sleppt í veiðiár til endurveiði. Leitast hefur við að skrá þá veiði sér og er hún ekki tekin með í yfirlit yfir veiðina ef hægt er að greina þar á milli en gerð er grein fyrir þeim afla sérstaklega.

Upplýsingum um netaveiði er safnað á svipaðan hátt og um stangveiðina nema að þar eru sjaldnast til upplýsingar um einstaka fiska en þess í stað er stuðst við heildarveiðitölur viðkomandi veiðijarða. Á Vesturlandi var upplýsingum safnað af Vesturlandsdeild Veiðimálastofnunar (Sigurður Már Einarsson munnl. uppl.) og á Suðurlandi af Suðurlandsdeild Veiðimálastofnunar (Magnús Jóhannsson munnl. uppl.).

Tölur um fjölda laxa sem endurheimtust úr hafbeit eru teknar með hér en samanlagt gefa tölur um endurheimtur úr hafbeit og veiði á náttúrulegum laxi í íslenskum vatnakerfum fjölda íslenskra laxa sem koma aftur eftir dvöl í hafinu.

### LAXVEIÐIN 1997

Sumarið 1997 veiddust alls 28.640 laxar á stöng, 5.705 laxar veiddust í net í ám, 30 laxar í net í sjó og 15.284 laxar endurheimtust úr hafbeit (tafla 1). Alls eru þetta 49.623 laxar. Heildarþungi veiddra laxa og hafbeitarlaxa var 154,2 tonn sem skiptist þannig að 87,1 tonn veiddust á stöng, og 18,8 tonn í net í ám og í sjó og 48,3 tonn endurheimtust úr hafbeit.

Samanlagður fjöldi stang- og netveiddra laxa 1997 (tafla 2) var um 35 % minni en meðalveiði áráanna 1974 - 1996. Skráð stangveiði 1997 var um 796 löxum eða 2,7% minni en hún var á árinu 1996 (tafla 2, 1. mynd) og 19,3% minni en meðalveiði áráanna 1974 - 1996. Netaveiðin var nú nær eingöngu bundin við veiði í ám og var um þriðjungur af meðalveiði sömu ára og hefur farið ört minnkandi undanfarin tvö ár (tafla 2, 2. mynd).

Fjöldi endurheimtra hafbeitarlaxa minnkaði umtalsvert og var ekki nema um fimmtungur af fjölda endurheimtra laxa 1996 en fjöldi hafbeitarlaxa hafði verið á svipaður þrjú ár þar á undan en verulega minni en hann var á árunum 1991-1993 en þangað til hafði fjöldi hafbeitarlaxa farið jafnt og þétt vaxandi (3. mynd). Í kjölfar þess fækkar flökkulöxum í ám ættuðum úr hafbeit.

### Stangveiði

Í veiðiskýrslur voru skráðir alls 28.640 laxar sumarið 1997. Af þessum löxum hafði 1.558 verið sleppt aftur og því var landaður afli 27.082 laxar. Þyngd landaðs afla í stangveiði var samtals 87,1 tonn. Flestir laxar veiddust á Vesturlandi 11.630, en fæstir á Vestfjörðum 541 (töflur 6 - 12). Að þunga til var veiðin einnig mest á Vesturlandi um 33,9 tonn, en næst mest á Norðurlandi vestra um 15,6 tonn.

Flestir laxar veiddust í Rangánum 2.960, en næst flestir í Norðurá 1.899 og í þriðja sæti voru Þverá og Kjarrá með 1.633 veidda laxa. Röð 10 efstu laxveiðianna er sýnd í töflu 3.

Í skýrslur um stangveiði í ám og vötnum voru í heild skráðir 51.970 stangveiddir silungar, 22.490 urriðar og 29.480 bleikjur. Samkvæmt veiðiskýrslum veiddust flestir silungar á Suðurlandi 17.042 og um 12 þúsund á bæði Norðurlandi eystra og Norðurlandi vestra. Nokkur munur var á afla bleikju og urriða eftir landshlutum (töflur 6-12). Af einstökum ám veiddust flestir urriðar í Laxá í Þingeyjarsýslu ofan Brúa eða 4.005 en í Grenlæk veiddust

2.493 urriðar (tafla 4). Flestar bleikjur veiddust í Eyjafjarðará eða 3.625 en næst flestar í Vatnsdalsá 1.861 (tafla 5).

Af stangveiddum löxum voru 21.476 (74,9%) sem verið höfðu eitt ár í sjó en 7.164 (25,1%) tvö ár eða lengur (tafla 13) og er hér miðað við heildarfjölda laxa í veiðibókum. Í stangveiði voru 3,0 smálaxar á móti hverjum stórlaxi, í netaveiði voru þeir 1,7 og 5,3 í hafbeit. (tafla 14).

Líkt og gert hefur verið undanfarin ár er sýnd veiði valinna laxveiðiaá frá árinu 1974 ásamt meðalveiði og minnstu og mestu veiði tímabilsins (tafla 15). Á sambærilegan hátt er veiði urriða (tafla 16) og bleikju (tafla 17) á tímabilinu 1987-1997 tekin saman. Þessar töflur sýna ekki heildarveiðina á landinu en væntanlega verður hægt að bæta fleiri veiðisvæðum við með bættri skráningu veiðinnar.

Á árinu 1997 voru skráðir í veiðibækur 1.558 laxar sem voru veiddir og þeim sleppt aftur. Aukningin milli ára er rúmlega tvöföld því 1996 var 669 löxum sleppt aftur. Í laxveiðinni var mest um þessa aðferð í Vatnsdalsá, Grímsá, Langá og Laxá í Aðaldal (töflur 6-12).

Niðurstöður rannsókna á endurveiði þeirra laxa sem sleppt er aftur sýnir að frá 16 - 52 % veiðist oftar en einu sinni (Guðni Guðbergsson 1997b; Tumi Tómasson 1997).

### Netaveiði

Heildarlaxveiði í net í ám á Íslandi 1997 var 5.705 laxar sem vógu um 18,7 tonn. Í net veiddust flestir laxar á Suðurlandi 5.097. Flestir laxar veiddust í Ölfusá 1.825 laxar, 1.804 í Þjórsá, 1.456 í Hvítá (Magnús Jóhannsson munnl. uppl.). Í Borgarfirði veiddust nú 327 laxar í net á vatnasvæði Hvítár, en þar hefur einungis verið veitt í fá net frá 1990, (Sigurður Már Einarsson munnl. uppl.). Netaveiði í ám var einhver í öllum landshlutum nema á Reykjanesi og Vestfjörðum (tafla 18). Í netaveiði í sjó veiddust 30 laxar sem vógu um 43 kg. Þeir veiddust allir í eina lögn við Vesturland en sjávarveiði var einungis stunduð þar frá einni jörð í ágúst. Laxveiðiréttur annarra jarða hefur verið keyptur upp og verður ekki stundaður framar.

### Hafbeit

Í hafbeit endurheimtust alls 15.248 laxar, sem vógu 48,3 tonn. Af þeim endurheimtust 12.725 lax eftir eitt ár í sjó en 2.420 laxar eftir tvö ár í sjó. Löxum til hafbeitar hafði einungis verið sleppt og þeir endurheimtir í hafbeitarstöðvar á Vesturlandi og á Reykjanesi (Tafla 1). Fjöldi endurheimtra laxa í hafbeit 1997 var um fimmtungur þess sem hann var 1996 en verulega hefur dregið úr umsvifum í hafbeit á undanförunum árum (3. mynd). Árið 1991 var um

5,1 milljónum seiða sleppt til hafbeitar, um 4,6 milljónum seiða 1992, 3,6 milljónum seiða 1993, 4,8 milljónum seiða 1994, 3,2 milljónum seiða 1995 um 1,85 milljónum seiða 1996 og 1997 mun 900 þúsundum seiðum hafa verið sleppt til hafbeitar.

## UMRÆÐUR

Nýting laxveiði á Íslandi hefur verið með líku sniði undanfarin ár en talið er að veiðin endurspegli nokkuð vel laxgengd í árnar. Þó heimilað hafi verið að rýmka veiðitíma hefur það óvíða verið nýtt. Aukning í fjölda þeirra laxa sem veiddir eru og sleppt aftur í árnar skekkir þennan samanburð ef ekki er tekið tillit til fjölda þeirra.

Fjöldi skráðra laxa 1997 í stangveiði var litlu minni en hann var árið 1996 og litlar breytingar urðu í heild á samsetningu eins og tveggja ára laxa í afla. Þó var hlutfall smálaxa heldur hærra á Norður- og Austurlandi en hann var árið á undan. Þá var smálaxinn nokkru vænni en hann var 1996 (Guðni Guðbergsson 1997).

Netaveiði á vatnasvæði Hvítár í Borgarfirði hefur verið lítil frá árinu 1990. Netaveiðirétturinn hefur verið leigður af þeim, sem stangveiði stunda einkum í hliðarám Hvítár. Uptaka neta í Hvítá hefur leitt til aukningar í veiði í hliðarám Hvítár og hefur aukningin verið metin rétt rúmlega 20% (Sigurður M. Einarsson og Guðni Guðbergsson 1996).

Afli í sjávarlagnir var einungis 30 laxar sumarið 1997 en var um 3.500 laxar 1996. Þessir 30 laxar veiddust í ágúst frá einni jörð en gengið hefur verið varanlega frá uppkaupum á netaveiðirétti þeirra fjögurra annarra jarða sem höfðu rétt til netaveiði í sjó. Þessi uppkaup ásamt uppleigu á netaveiðirétti flestra jarða í Hvítá í Borgarfirði hefur leitt til þess að netaveiði hefur dregist verulega saman hér á landi og er nú um þriðjungur af meðalveiði. Sú netaveiði á laxi sem eftir er einkum í stóru jökulánum á Suðurlandi, Ölfusá-Hvítá og Þjórsá.

Þrátt fyrir að dregið hafi umtalsvert úr netaveiði bæði í sjó og ám á undanföllum árum hefur afli í stangveiði verið að minnka. Þetta bendir til að laxastofnarnir séu í lægð og skili minni afla. Það sem ræður fjölda laxa er fjöldi seiða sem til sjávar gengur og endurheimtur þeirra úr sjó. Rannsóknir hafa sýnt að endurheimtur náttúrulegra laxa í Elliðaánum voru með lægsta móti sumarið 1997 og einnig að fjöldi gönguseiða 1995 í Vesturdalsá í Vopnafirði eftir því sem tölur eru til um (Þórólfur Antonsson 1998, Þórólfur Antonsson munnl. uppl) Þetta skýrir að miklum hluta að laxgengd og afli sumarið 1997 var með minna móti. Endurheimtur úr

hafbeit hafa einnig verið með lægsta mótí og umsvif hafbeitar hafa einnig minnkað. Þar sem hluti hafbeitarlaxins flakkaði upp í laxveiðiár er líklegt að minnkandi hafbeit geti sumstaðar komið fram í minnkandi veiði í laxveiðiám, þó hafbeitarstöðvar hafi tekið eitthvað af villtum laxi úr ánum á mótí. Hlutfallslegur fjöldi þeirra laxa sem skila sér eftir tvö ár í sjó hefur farið lækandi á undanförunum árum (Sigurður Guðjónsson, Sigurður Már Einarsson, Þórólfur Antonsson og Guðni Guðbergsson 1995).

Á undanförunum árum hefur verið dregið úr úthafsveiðum á laxi einkum með leigu á veiðikvótum. Þrátt fyrir það að hægt sé reikna það út að þessar aðgerðir hafi skilað 5-7% fleiri löxum til þeirra landa sem hafa átt lax í þessum veiðum hefur hvergi orðið vart við aukningu í laxgengd og minna veiðist úr allflestum laxastofnum (Anon 1997). Ástæður þessa eru ekki þekktar en eru líklega samspil ýmissa þátta eins og hnignun búsvæða, mengun, minnkandi hrygningar, minnkandi framleiðsla gönguseiða og lægri endurheimta smálaxa og stórlaxa af hafi. Brynt er að auka rannsóknir á þessu sviði og leita frekari skýringa.

Nýting laxveiði hefur mikla efnahagslega þýðingu og það hefur verið metið að verðmæti stangveiði hér á landi skili um 600 milljónum beint til veiðiréttareigenda auk a.m.k. 500 milljóna óbeinna tekna í formi ýmiskonar seldrar þjónustu (Frjáls verslun 1998). Þá eru ótalin verðmæti silungsveiða en ekki hefur verið gerð úttekt á verðmæti þeirra. Að auki koma til önnur verðmæti sem í stangveiði á laxi og silungi felast.

Sveiflur í veiði eru í álíka takti í flestum ám í sama landshluta. Það bendir til að umhverfisskilyrði hafi áhrif á stórum svæðum og samstilli sveifluna. Tengsl hafa fundist milli laxgengdar og hitastigs sjávar árið sem gönguseiðin fara til sjávar (Scarnecchia 1984; Þórólfur Antonsson, Guðni Guðbergsson og Sigurður Guðjónsson 1996).

Fjöldi skráðra silunga í stangveiði var svipaður og hann hefur verið undanfarin ár en skráning silungsveiði hefur farið batnandi á undanförunum árum. Líklegt er verðmæti silungsveiði aukist með bættri skráningu en aflatölur eru oftlega notaðar til að meta verðmæti veiði. Þeir dagar sem eru í boði í laxveiði eru nánast fullnýttir og því mun aukinn í fjöldi veiðimanna leita í silungsveiði. Þrátt fyrir bættu skráningu silungsveiði er enn talsvert í land með að öll silungsveiði sé skráð og er það eitt þeirra framtíðarverkefna, sem þarf að vinna í samvinnu við veiðimenn og veiðiréttarhafa. Nokkur félög stangveiðimanna hafa staðið fyrir átaki til bættrar skráningar silungsafla sem skilað hefur góðum árangri.

Hér skal itrekað að ef veiðiréttarhafar tölusetja veiðistaði, fæst skipting veiðinnar eftir veiðistöðum við úrvinnslu hvernar veiðiár. Slík skráning auðveldar við að fylgjast með



breytingum á veiðidreifingu innan vatnakerfa sem aftur auðveldar vinnu við endurmat á arðskrá.

Þeir sem skráningu veiði annast, eru minntir á að skila veiðiskýrslum til úrvinnslu strax að loknum veiðitíma til að flýta fyrir samantekt veiðitalna.

## ÞAKKARORÐ

Þóra Vignisdóttir og Eydís Heiða Njarðardóttir tölvuskráðu veiðina. Sigurður Már Einarsson safnaði netaveiðiskýrslum á Vesturlandi og Magnús Jóhannsson á Suðurlandi. Eydís Njarðardóttir safnaði tölum um hafbeit. Ofantöldum aðilum kann höfundur bestu þakkir. Síðast en ekki síst ber að þakka hinum fjölmörgu veiðiréttareigendum, leigutökum og veiðimönnum sem önnuðust skráningu veiðinnar í veiðiskýrslur.

## HEIMILDIR

Anon 1997. Report of the Working Group on North Atlantic salmon. ICES CM 1997/Assess:10, 242 bls.

Frjáls verslun 1998. Sport upp á 1,1 milljarð! 1. tbl. 1998, bls 64-69.

Guðni Guðbergsson og Einar Hannesson 1987. Laxveiðin 1986. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/87014.

Guðni Guðbergsson 1988. Laxveiðin 1987. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/88026.

Guðni Guðbergsson 1989. Laxveiðin 1988. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/89019.

Guðni Guðbergsson 1990. Laxveiðin 1989. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/90016.


Guðni Guðbergsson 1991. Laxveiðin 1990. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/91017.

Guðni Guðbergsson og Friðþjófur Árnason 1992. Laxveiðin 1991. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/92012.


Guðni Guðbergsson og Friðþjófur Árnason 1993. Laxveiðin 1992. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/93016.

Guðni Guðbergsson og Friðþjófur Árnason 1994. Laxveiðin 1993. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/94011.


- Guðni Guðbergsson 1995.** Laxveiðin 1994. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/95008.
- Guðni Guðbergsson 1996.** Laxveiðin 1995. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/96004.
- Guðni Guðbergsson 1997a.** Laxveiðin 1996. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/97006.
- Guðni Guðbergsson 1997b.** Laxá í Aðaldal 1997. Seiðabúskapur, endurheimtur gönguseiða og veiði 1997. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/97006
- Scarnecchia, D.L. 1984.** Climatic and oceanic variations affecting yield of Icelandic stocks of Atlantic salmon. *Can. J. Fish. Aquat. Sci.*, 41: 917-935.
- Sigurður Guðjónsson, Sigurður Már Einarsson, Þórólfur Antonsson og Guðni Guðbergsson 1995.** Relation of grilse to salmon ratio to environmental changes in several wild stocks of Atlantic salmon (*Salmo salar*) in Iceland. *Can. J. Fish. Aquat. Sci.* 52:1385-1398.
- Sigurður M. Einarsson og Guðni Guðbergsson 1996.** The closure of commercial nettings in R. Hvita, Iceland. Effects on rod catches of salmon (*Salmo salar* L.) in the tributaries.
- Sigurður Már Einarsson og Rúnar Ragnarsson 1997.** Lax- og silungsveiði í net á Vesturlandi árið 1996. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-V/97001X.
- Tumi Tómasson 1997.** Vatnsdalsá 1996. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-N/97001.
- Þórólfur Antonsson 1998.** Breytileiki í framleiðslu laxaseiða í tveimur íslenskum ám og endurheimtur þeirra úr hafi. Ritgerð til M.S. náms við Háskóla Íslands, 147 bls.
- Þórólfur Antonsson, Guðni Guðbergsson og Sigurður Guðjónsson 1996.** Environmental continuity in fluctuation of fish stocks in the North Atlantic ocean, with particular reference to Atlantic salmon. *North American Journal of Fisheries Management* 16:540-547.



1. mynd. Fjöldi stangveiddra laxa á Íslandi 1974 - 1997.



2. mynd. Fjöldi netaveiddra laxa á Íslandi 1974 - 1997.



3. mynd. Fjöldi endurheimtra laxa úr hafbeit á Íslandi 1974 - 1997.

**Tafla 1.** Heildarfjöldi og heildarþyngd (pund) fangaðra laxa á Íslandi 1997, skipt eftir veiðiaðferðum og landshlutum (kjördæmum). (1 pund = 500gr).

Landshluti	Stangveiði				Netaveiði		Hafbeit		Samtals afli		Hlutfall (%) af	
	Fjöldi laxa	Fjöldi sleppt	Afli: fjöldi	Afli: þyngd	Fjöldi	Þyngd	Fjöldi	Þyngd	Fjöldi	Þyngd	Fjöldi	Þyngd
Reykjanes	2439	44	2395	13275			103	927	2542	14202	5,1	
Vesturland	11630	660	10970	67860	370	2189	15145	95700	27145	165749	54,7	
Vestfirðir	541	1	540	3453					541	3453	1,1	
Norðurland vestra	5029	511	4518	31232	106	721			5135	31953	10,3	
Norðurland eystra	2836	228	2608	18028	91	609			2927	18637	5,9	
Austurland	1706	100	1606	10180	71	597			1777	10777	3,6	
Suðurland	4459	14	4445	30137	5097	33568			9556	63705	19,3	
<b>Samtals:</b>	<b>28640</b>	<b>1558</b>	<b>27082</b>	<b>174165</b>	<b>5735</b>	<b>37684</b>	<b>15248</b>	<b>96627</b>	<b>49623</b>	<b>308476</b>	<b>100,0</b>	<b>1</b>
Samtals þyngd í kg:				87083		18842		48314		154238		

**Tafla 2.** Heildarfjöldi stang- og netaveiddra laxa, auk endurheimtu hafbeitarstöðva, á Íslandi 1974 - 1997. Reiknaður er hlutfallslegur fjöldi (%) náttúrulegra laxa af heildarfjölda laxa.

ÁR	Stangveiði skráð	Fjöldi sleppt	Stangveiði afli	Netaveiði afli	Stang- og netaveiði samtals afli	Hafbeit afli	Heildarafli samtals	Hlutf. náttúrulegra laxa (%)
1974	34107		34107	18044	52151	3765	55916	93,3
1975	45882		45882	20402	66284	7720	74004	89,6
1976	39249		39249	17130	56379	3247	59626	94,6
1977	41302		41302	20864	62166	2405	64571	96,3
1978	52679		52679	25946	78625	1953	80578	97,6
1979	43955		43955	18306	62261	1967	64228	96,9
1980	30007		30007	18992	48999	3138	52137	94,0
1981	27777		27777	14478	42255	4626	46881	90,1
1982	24671		24671	11107	35778	5340	41118	87,0
1983	29267		29267	17761	47028	11194	58222	80,8
1984	23582		23582	10912	34494	6595	41089	83,9
1985	31621		31621	14942	46563	19750	66313	70,2
1986	46671		46671	20437	67108	24100	91208	73,6
1987	33907		33907	13960	47867	14140	62007	77,2
1988	47979		47979	18781	66760	64017	130777	51,0
1989	30082		30082	11738	41820	48617	90437	46,2
1990	29443		29443	12339	41782	90726	132508	31,5
1991	31492		31492	10454	41946	133203	175149	23,9
1992	42309		42309	12062	54371	140763	195134	27,9
1993	39025		39025	10197	49222	168427	217649	22,6
1994	28042		28042	11846	39888	89225	129113	30,9
1995	34241		34241	13185	47426	88527	135953	34,9
1996	29436	669	29436	8668	38104	84365	122469	31,1
1997	28640	1558	27082	5735	32817	15248	48065	68,3
<b>1974 - 1997 meðaltal:</b>	<b>35224</b>		<b>35159</b>	<b>14929</b>	<b>50087</b>	<b>43044</b>	<b>93131</b>	<b>53,8</b>

**Tafla 3.** Tíu aflahæstu laxveiðiárnar 1997.

Nafn ár	Fjöldi veiddra laxa
1. Rangármar	2960
2. Norðurá	1899
3. Þverá og Kjarrá	1633
4. Grímsá og Tunguá	1613
5. Langá	1366
6. Laxá í Aðaldal	1227
7. Laxá í Kjós og Bugða	1147
8. Blanda	877
9. Vatnsdalsá	769
10. Laxá í Dölum	764

**Tafla 4.** Fimm aflahæstu urriðaveiðisvæðin 1997.

Nafn ár	Fjöldi veiddra urriða
1. Laxá í Þing. ofan Brúa	4005
2. Grenlækur	2493
3. Fremri Laxá á Ásum	2379
4. Skaftá	969
5. Laxá í Aðaldal	929

**Tafla 5.** Fimm aflahæstu bleikjuveiðiárnar 1997.

Nafn ár	Fjöldi veiddra bleikja
1. Eyjafjarðará	3625
2. Vatnsdalsá	1861
3. Fljótaá	1648
4. Víðidalsá og Fitjá	1551
5. Staðarhólsá og Hvolsá	1316

**Tafla 6.** Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa, ásamt fjölda veiddra silunga á Reykjanesi (Reykjaneskjördæmi) 1997. (Þyngd er í pundum, 1 pund = 500 g).

Nafn ár	Laxveiði						Smálax		Stórlax		Silungsveiði	
	Fjöldi laxa	Fjöldi sleppt	Afli: fjöldi	Afli þyngd	Heildar meðalþ.	Smálax/stórlax	Fjöldi smálaxa	Meðalþ. smálaxa	Fjöldi stórlaxa	Meðalþ. stórlaxa	Fjöldi urriða	Fjöldi bleikja
Ellidaár	568		568	2954	5,2	16,8	536	5,0	32	8,6	28	1
Úlfarsá (Korpa)	217	1	216	1058	4,9	26,1	209	4,7	8	8,4	9	2
Leirvogsa	411		411	2096	5,1	9,3	371	4,6	40	10,1	4	3
Kiðafellsá *												
Laxá í Kjós	985	37	948	5688	6,0	4,0	789	5,2	196	9,4	27	0
Bugða	162	6	156	936	6,0	4,8	134	5,4	28	8,8	2	0
Brynjudalsá	76		76	441	5,8	4,1	61	5,1	15	8,5	0	0
Botnsá	20		20	102	5,1	5,7	17	4,4	3	9,3	1	1
Djúpavatn *												
<b>Reykjanes samtals:</b>	<b>2439</b>	<b>44</b>	<b>2395</b>	<b>13275</b>		<b>6,6</b>	<b>2117</b>		<b>322</b>		<b>71</b>	<b>7</b>

\* Skýrsla barst ekki

Tafl

Nafn

Vötn

Selós

Laxá í

Leirá

Hvítá

Andak

Gríms

Flóka

Reykj

Þverá

Norðu

Norðli

Gljúfu

Langá

Urriða

Álftá

Hítará

Haffja

Núpa

Laxá í

Straum

Vatnas

Fróða

Setber

Laxá á

Svínaf

Dunká

Hörðu

Skraun

Miða o

Hauka

Hauka

Laxá í

Fáskrú

Glerá

Laxá í

Flekku

Krossá

Búðar

Staðar

Vestur

\* Skýr

& Haft

# Eitth

Tafla 7. Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa, ásamt fjölda veiddra silunga á Vesturlandi 1997. (þyngd er í pundum, 1 pund = 500 gr).

Nafn ár	Laxveiði						Smálax		Stórlax		Silungsveiði	
	Fjöldi laxa	Fjöldi sleppt	Afli: fjöldi	Afli: Þyngd	Heildar meðalþ.	Smálax/stórlax	Fjöldi smálaxa	Meðalþ. smálaxa	Fjöldi stórlaxa	Meðalþ. stórlaxa	Fjöldi urriða	Fjöldi bleikja
Vötn í Svinadal	7		7	37	5,3	6,0	6	4,7	1	9,0	17	0
Selós og Þverá	77		77	454	5,9	5,4	65	5,3	12	8,8	8	1
Laxá í Leirársveit	697	65	632	3286	5,2	9,9	633	4,8	64	9,2	116	35
Leirá í Leirársveit *												
Hvítá í Borgarfirði	213	2	211	1245	5,9	4,2	172	5,0	41	9,7	264	4
Andakilsá	184		184	1214	6,6	3,6	144	5,7	40	9,7	7	238
Grímsá og Tunguá	1613	253	1360	7888	5,8	4,6	1325	5,1	288	9,3	136	0
Flókadalsá	319	2	317	1648	5,2	9,0	287	4,8	32	8,7	7	0
Reykjadalsá	94		94	639	6,8	2,0	63	5,3	31	9,8	41	7
Þverá og Kjarrá	1633	22	1611	10794	6,7	2,3	1132	5,4	501	9,8	101	63
Norðurá	1899	45	1854	10753	5,8	3,8	1507	4,9	392	9,2	45	19
Norðlingafljót &												2
Gljúfurá	240		240	1200	5,0	23,0	230	4,8	10	8,7	7	0
Langá	1366	195	1171	6675	5,7	5,4	1151	5,2	215	8,9	0	3
Urriðaá	29		29	162	5,6	8,7	26	5,1	3	10,3	52	2
Álftá	266	1	265	1696	6,4	2,6	192	5,4	74	9,0	298	6
Hítará	217		217	1367	6,3	3,3	167	5,1	50	10,4	33	426
Haffjarðará	560		560	3528	6,3	3,3	429	5,3	131	9,5	39	111
Núpá í Eyjahreppi #	83		83	515	6,2	4,2	67	5,4	16	9,4	22	90
Laxá í Miklaholtshreppi *			0	0								
Straumfjarðará	226		226	1514	6,7	2,1	154	5,5	72	9,3	0	0
Vatnasvæði Lýsu	68		68	469	6,9	1,6	42	5,2	26	9,8	7	7
Fróða	13		13	88	6,8	2,3	9	5,4	4	10,0	0	353
Setbergsá	44		44	264	6,0	5,3	37	5,1	7	10,6	8	62
Laxá á Skógarströnd	46		46	299	6,5	4,1	37	5,5	9	10,2	2	5
Svínafossá í Heydal	17		17	88	5,2	7,5	15	4,9	2	7,8	71	201
Dunká	62		62	527	8,5	1,2	34	5,5	28	12,0	0	2
Hörðudalsá	17		17	78	4,6	7,5	15	3,7	2	11,0	0	1021
Skrauma á Skógarströnd *												
Miða og Tunguá	31		31	229	7,4	1,2	17	5,1	14	10,2	0	396
Haukadalsá neðri	331		331	2284	6,9	1,8	213	5,0	118	10,3	0	36
Haukadalsá efri	13		13	112	8,6	0,4	4	4,4	9	10,4	0	593
Laxá í Dölum	764	63	701	5538	7,9	1,5	454	5,3	310	11,7	1	9
Fáskrúð	144	1	143	1058	7,4	1,4	83	5,1	61	10,5	0	0
Glerá	65		65	442	6,8	2,0	43	5,4	22	9,6	1	19
Laxá í Hvammssveit	32		32	250	7,8	1,9	21	5,3	11	12,2	1	6
Flekkudalsá (Kjarlaksstaðaá)	148	6	142	838	5,9	3,4	114	4,7	34	10,0	10	10
Krossá	28		28	157	5,6	3,7	22	4,8	6	8,7	5	29
Búðardalsá	59	5	54	329	6,1	3,5	46	5,0	13	10,0	3	14
Staðarhólsá og Hvolsá	25		25	193	7,7	0,8	11	5,6	14	9,3	4	1316
<b>Vesturland samtals:</b>	<b>11630</b>	<b>660</b>	<b>10970</b>	<b>67860</b>	<b>5,8</b>	<b>3,4</b>	<b>8967</b>		<b>2663</b>		<b>1306</b>	<b>5086</b>

\* Skýrsla barst ekki

& Hafbeitarlaxi sleppt til endurveiði, sjá töflu 19.

# Eitthvað af hafbeitarlaxi sleppt í ána til endurveiði en hlutdeild í afla óþekkt

**Tafla 8.** Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa, ásamt fjölda veiddra silunga í ám á Vestfjörðum 1997.  
(þyngd er í pundum, 1 pund = 500gr).

Nafn ár	Laxveiði						Smálax		Stórlax		Silungsveiði	
	Fjöldi laxa	Fjöldi sleppt	Afli: fjöldi	Afli: þyngd	Heildar meðalþ.	Smálax/stórlax	Fjöldi smálax	Meðalþ. smálax	Fjöldi stórlax	Meðalþ. stórlax	Fjöldi urriða	Fjöldi bleikja
Þorskafjarðará	14		14	94	6,7	0,0	12	5,8	2	12,0	7	439
Fjarðarhornská *												
Mórudalsá	15		15	101	6,7	0,0	13	5,8	2	12,0	0	90
Suðurfossá *												
Botnslón *												
Langadalsá	133		133	771	5,8	3,9	106	4,6	27	10,5	0	174
Ísafjarðará	4		4	16	4,0		4	4,0	0	0,0	0	2
Laugardalsá	135		135	905	6,7	3,4	104	5,4	31	10,9	0	0
Hvannadalsá *												
Bjarnarfjarðará	0		0	0	0,0	0,0	0	0,0	0	0,0	0	102
Selá í Steingrímsf. *												
Staðará í Steingrímsf. *												
Víðidalsá í Steingrímsf.	32		32	198	6,2	1,9	21	5,3	11	8,9	0	42
Hrófá	25		25	168	6,7	2,6	18	5,3	7	10,1	2	49
Prestbakkaá	33	1	32	224	7,0	1,5	20	4,2	13	11,2	0	2
Krossá	45		45	293	6,5	2,8	33	4,9	12	11,1	0	3
Vikurá	54		54	389	7,2	1,7	34	5,0	20	10,8	0	24
Laxá í Hrótafirði	51		51	296	5,8	3,3	39	4,4	12	10,1	0	0
<b>Vestfirðir samtals:</b>	<b>541</b>	<b>1</b>	<b>540</b>	<b>3453</b>	<b>6,4</b>	<b>2,9</b>	<b>404</b>		<b>137</b>		<b>9</b>	<b>927</b>

\* skýrsla barst ekki.



**Tafla 9.** Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa, ásamt fjölda veiddra silunga í ám á Norðurlandi vestra 1997. (þyngd er í pundum, 1 pund = 500gr).

sveiði Fjöldi bleikja	Nafn ár	Laxveiði					Smálax		Stórlax		Silungsveiði		
		Fjöldi laxa	Fjöldi sleppt	Afli: fjöldi	Afli: þyngd	Heildar meðalþ.	Smálax/ stórlax	Fjöldi smálax	Meðalþ. smálax	Fjöldi stórlax	Meðalþ. stórlax	Fjöldi urriða	Fjöldi bleikja
439	Hrútafjarðará og Síká	201	1	200	1360	6,8	2,7	147	5,4	54	10,8	2	363
90	Tjarnará	37		37	207	5,6	0,0	31	4,8	6	9,8	0	131
	Hamarsá *												
	Miðfjarðará	602		602	3913	6,5	2,8	442	5,2	160	9,9	2	267
174	Viðidalsá og Fitjá	691	15	676	5408	8,0	1,4	405	5,4	286	11,7	52	1551
2	Vatnsdalsá	769	495	274	2110	7,7	1,8	498	5,4	271	11,8	300	1861
0	Giljá	29		29	148	5,1	0,0	28	5,0	1	8,0	13	1
	Gljúfurá	30		30	249	8,3	1,5	18	6,2	12	11,4	6	52
102	Laxá á Ásum	715		715	4576	6,4	3,4	552	5,3	163	10,2	3	4
	Fremri Laxá á Ásum	63		63	340	5,4	9,5	57	5,1	6	8,7	2379	52
42	Blanda	877		877	6227	7,1	1,8	566	5,3	311	10,4	207	301
49	Svartá	532		532	3086	5,8	6,7	463	5,1	69	10,5	90	211
2	Langavatn á Refas.			0	0	0,0	0,0	0	0,0	0	0,0	88	0
3	Seyðisá			0	0	0,0	0,0	0	0,0	0	0,0	0	93
24	Blöndulón			0	0	0,0	0,0	0	0,0	0	0,0	0	50
0	Laxá á Refasveit	139		139	959	6,9	2,4	98	5,2	41	11,1	7	4
	Hallá	38		38	266	7,0	1,5	23	5,1	15	10,0	8	1
	Laxá í Nesjum	6		6	53	8,8	0,5	2	4,5	4	11,0	0	0
	Fossá í Skef. *												
	Laxá í Skef.	41		41	283	6,9	1,7	26	5,4	15	9,4	3	68
	Húseyjarkvísl	70		70	476	6,8	2,5	50	5,4	20	10,0	407	30
	Sæmundará	54		54	475	8,8	0,9	26	5,8	28	11,5	168	274
	Norðurá í Skagafirði			0	0	0,0	0,0	0	0,0	0	0,0	0	62
	Hrollleifsdalsá	1		1	5	5,0		1	5,0			32	198
	Flókadalsá	15		15	116	7,7	1,5	9	5,7	6	10,7	29	1135
	Fljótaá	119		119	976	8,2	1,3	68	5,3	51	12,0	1	1648
	<b>Norðurland vestra sam</b>	<b>5029</b>	<b>511</b>	<b>4518</b>	<b>31232</b>	<b>6,2</b>	<b>2,3</b>	<b>3510</b>		<b>1519</b>		<b>3797</b>	<b>8357</b>

\* Skýrsla barst ekki.

**Tafla 10.** Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa, ásamt fjölda veiddra silunga á Norðurlandi eystra 1997. (þyngd er í pundum, 1 pund = 500 gr).

Nafn ár	Laxveiði					Smálax		Stórlax		Silungsveiði		
	Fjöldi laxa	Fjöldi sleppt	Afli: fjöldi	Afli: þyngd	Heildar meðalþ.	Smálax/stórlax	Fjöldi smálax	Meðalþ. smálax	Fjöldi stórlax	Meðalþ. stórlax	Fjöldi urriða	Fjöldi bleikja
Ólafsfjarðará *			1	6	5,5		1	5,5	0	0,0	26	475
Svarfaðardalsá	1											
Þorvaldsdalsá *												
Hörgá	2		2	9	4,5		2	4,5	0	0	43	1293
Eyjaá	15		15	75	5,0	1,1	8	5,0	7	10,0	138	3625
Fniðská	156		156	1014	6,5	2,7	114	5,3	42	10,8	53	409
Djúpá	43		43	284	6,6	3,8	34	5,8	9	9,8	1	0
Skjálfandafliót	277		277	1884	6,8	3,1	210	5,3	67	11,4	25	506
Laxá í Aðaldal	1227	194	1033	7954	7,7	1,7	770	5,8	457	10,9	929	64
Laxá í Laxárdal											1020	18
Laxá í Mývatnssveit											2680	24
Laxá í Mývatns. Haganes											305	41
Reykjadalsá	109		109	654	6,0	2,8	80	4,7	29	9,4	0	0
Mýrarkvísl	270		270	1566	5,8	5,9	231	5,0	39	10,4	3	0
Litluárvötn	2		2	11	5,5		2	5,5	0	0,0	269	104
Skjálftavatn *												
Brunná *												
Deildará	141		141	860	6,1	4,9	117	5,4	24	9,4	62	29
Ormarsá	141		141	959	6,8	2,9	105	5,4	36	10,9	17	68
Svalbarðsá	98		98	647	6,6	2,6	71	5,1	27	10,5	10	37
Sandá	91		91	637	7,0	2,8	67	5,3	24	11,5	0	2
Hafralónsá	221	31	190	1216	6,4	4,0	177	5,3	44	10,9	12	57
Kverká	6		6	42	7,0	2,0	4	5,3	2	10,5	0	0
Hölkna	36	3	33	211	6,4	3,5	28	5,5	8	9,5	4	6
<b>Norðurland eystra samtals:</b>	<b>2836</b>	<b>228</b>	<b>2608</b>	<b>18028</b>	<b>6,4</b>	<b>2,5</b>	<b>2021</b>		<b>815</b>		<b>5597</b>	<b>6758</b>

\* Skýrsla barst ekki.

**Tafla 11.** Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa, ásamt fjölda veiddra silunga í ám á Austurlandi 1997. (þyngd er í pundum, 1 pund = 500gr).

Nafn ár	Laxveiði					Smálax		Stórlax		Silungsveiði		
	Fjöldi laxa	Fjöldi sleppt	Afli: fjöldi	Afli: þyngd	Heildar meðalþ.	Smálax/stórlax	Fjöldi smálax	Meðalþ. smálax	Fjöldi stórlax	Meðalþ. stórlax	Fjöldi urriða	Fjöldi bleikja
Miðfjarðá og Kverká	101		101	586	5,8	4,9	84	4,3	17	11,6	2	0
Selá í Vopnafirði	685	76	609	3837	6,3	3,4	529	5,0	156	10,7	6	115
Vesturdalsá	216		216	1404	6,5	2,2	148	4,4	68	11,0	0	1080
Hofsá og Sunnudalsá	607	24	583	3848	6,6	2,7	443	4,7	164	11,9	49	250
Gilsá og Selfliót	18		18	112	6,2	2,6	13	4,3	5	10,4	77	421
Kelduá	3		3	14	4,5		3	4,5			43	258
Fjarðará, Seyðisfirði.	3		3	15	5,0		2	3,0	1	9,0	0	14
Fjarðará, Loðmundarfirði	2		2	8	4,0		2	4,0			4	81
Breiðdalsá	63		63	309	4,9	14,8	59	4,6	4	9,7	375	197
Geithellnaá *												
Laxá í Nesjum	8		8	49	6,1	1,0	4	4,0	4	9,0	37	5
<b>Austurland samtals:</b>	<b>1706</b>	<b>100</b>	<b>1606</b>	<b>10180</b>	<b>6,0</b>	<b>3,1</b>	<b>1287</b>		<b>419</b>		<b>593</b>	<b>2421</b>

**Tafla 12.** Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa, ásamt fjölda veiddra silunga í ám á Suðurlandi 1997. (þyngd er í pundum, 1 pund = 500gr).

Nafn ár	Laxveiði					Smálax		Stórlax		Silungsveiði		
	Fjöldi laxa	Fjöldi sleppt	Afli: fjöldi	Afli: þyngd	Heildar meðalþ.	Smálax/stórlax	Fjöldi smálax	Meðalþ. smálax	Fjöldi stórlax	Meðalþ. stórlax	Fjöldi urriða	Fjöldi bleikja
Brunná											10	
Núpsvötn												3
Laxá	1		1	8	8,0			1	8,0		100	15
Eldvatn á Brunasandi	4		4	22	5,5		4	5,5			74	300
Geirlandsá	47		47	315	6,7		34	5,1	13	11,0	389	28
Skaftá Vatnamót	2		2	6	2,8		2	2,8			565	16
Skaftá Mávabótarálar	1		1	3	3,0		1	3,0			363	0
Skaftá											41	0
Hörgsá á Síðu	20		20	144	7,2	0,8	9	5,6	11	8,6	112	13
Holtsá *												
Grenlækur	3		3	11	3,7		3	3,7			2493	294
Eldvatn í Meðallandi	11		11	67	6,1	2,3	7	5,4	3	7,7	161	61
Hellisá &											31	
Tungufjót	10	2	8	45	5,6	4,0	8	5,1	2	8,0	384	53
Kerlingadalsá og Vatsá	80		80	448	5,6	4,0	64	5,0	16	8,4	212	88
Heiðarvatn	2		2	11	5,5	1,0	1	3,0	1	8,0	123	498
Rangár, Fiská og Hólsá	2960	5	2955	18912	6,4	3,3	2266	5,5	694	9,1	635	150
Minnivallarlækur	0										131	2
Kálfá	39	6	33	228	6,9	1,3	22	5,3	17	8,9	59	40
Fossá og Rauða											20	150
Kaldakvísl											8	47
Kvislarveita											55	0
Þórisvatn											301	0
Veidivötn											3999	90
Ólfusá	185		185	1295	7,0	2,2	128	5,5	58	10,4	161	30
Hvítá	405		405	3159	7,8	1,2	220	5,6	185	10,5	162	21
Hagaós og Brúará	41		41	295	7,2	1,7	26	5,5	15	10,2	12	556
Brúará	1		1	7	7,0				1	7,0	8	580
Stóra Laxá	359	1	358	3150	8,8	1,0	180	5,8	179	11,8	23	34
Sogið	252		252	1814	7,2	2,0	169	5,3	83	10,9	23	754
Ásgarðslækur	10		10	45	4,5		10	4,5			0	3
Baugstaðaós	17		17	87	5,1	4,7	14	5,1	3	8,0	214	28
Volalækur	9		9	65	7,2	0,3	2	5,5	7	7,7	278	52
Hlíðarvatn											0	2018
<b>Suðurland samtals:</b>	<b>4459</b>	<b>14</b>	<b>4445</b>	<b>30137</b>	<b>6,8</b>	<b>2,5</b>	<b>3170</b>		<b>1289</b>		<b>11147</b>	<b>5924</b>

\* Skýrsla barst ekki

& Hafbeitarlaxi sleppt til endurveiði, sjá töflu 19.

**Tafla 13.** Skipting stangveiddra laxa 1997, eftir sjávaraldri og landshlutum.

Landshluti	Smálax	Stórlax	Hlutfall
	Fjöldi	Fjöldi	Smálax/stórlax
Reykjanes	2117	322	6,6
Vesturland	8967	2663	3,4
Veðstfirðir	404	137	2,9
Norðurland vestra	3510	1519	2,3
Norðurland eystra	2021	815	2,5
Austurland	1287	419	3,1
Suðurland	3170	1289	2,5
<b>Samtals:</b>	<b>21476</b>	<b>7164</b>	<b>3,0</b>

**Tafla 14.** Skipting laxveiði á Íslandi 1997 í smálax og stórlax.

Veiði-aðferð	Smálax Fjöldi	Stórlax Fjöldi	Hlutfall smálax/stórlax
Stangveiði	21476	7164	3,0
Netaveiði	3621	2114	1,7
Hafbeit	12725	2420	5,3
<b>Samtals:</b>	<b>37822</b>	<b>11698</b>	<b>3,2</b>

Fjöldi veiddra laxa flestra laxveiðiaá á árunum 1974 - 1997. Reiknuð er meðalveiði, mesta veiði og minnsta veiði tímabilsins.

Nafn vatnsfalls	V																	R																	Mebal- Mesta veibi	Minnsta veibi
	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997												
Elliðaár	2033	2071	1692	1328	1383	1336	938	1074	1219	1508	1331	1157	1083	1175	2006	1773	1384	1127	1393	1390	1132	1088	1211	568	1350	2071	568									
Úlfarsá (Kopra)	357	438	406	361	327	215	110	166	158	450	225	303	376	245	709	440	306	238	517	457	338	316	339	217	454	1057	136									
Leirvögsá	332	739	544	474	463	386	136	213	322	514	320	438	324	291	1057	458	489	435	556	428	490	520	552	411	1336	3422	629									
Laxá í Kjós	1270	1901	1973	1677	1648	1508	950	1290	927	1545	1273	871	1043	933	3422	1819	1370	1328	1053	1103	683	866	629	985	242	461	100									
Bugða	158	269	410	263	136	125	212	260	232	450	461	283	201	230	389	314	226	265	191	163	100	154	143	162	168	597	24									
Brynjuðalsá	205	271	185	173	98	899	707	670	545	708	742	860	1610	914	1887	1186	1052	850	652	747	853	1425	1368	697	1023	1887	545									
Laxá í Leirársveit	822	1654	1288	1154	1232	899	707	670	545	708	742	860	1610	914	1887	1186	1052	850	652	747	853	1425	1368	697	149	331	69									
Andakilsá	235	331	262	187	237	138	69	104	89	108	106	101	145	136	203	122	97	134	85	109	125	118	154	184	450	788	213									
Hvítá	521	339	388	401	788	573	555	364	348	213	326	597	469	514	439	301	263	572	520	622	560	407	502	213	1357	2116	717									
Grímsá og Tungva	1419	2116	1439	1103	1952	1527	869	845	717	1382	1061	1463	1836	825	1963	1200	756	1294	1864	1228	1485	1123	1484	1613	328	613	181									
Flókadalsá	411	613	432	263	547	377	266	181	234	281	303	351	384	282	293	182	241	350	322	387	341	288	233	319	93	275	25									
Reykjadalssá	275	156	185	112	120	105	56	80	100	91	58	42	69	42	33	75	77	157	107	40	25	97	36	94	1895	3558	1082									
Bverá og Kjarrá	1748	2690	2330	2368	3132	3558	1938	1245	1616	1901	1082	1550	2127	1703	1567	1327	1485	1979	2314	1554	1605	1638	1381	1633	1542	2132	856									
Norðará	1428	2132	1675	1470	2089	1995	1583	1185	1455	1643	856	1121	1523	1034	1359	867	1070	1267	1965	2117	1625	1697	1964	1899	226	522	73									
Gljúfurá	150	522	356	400	461	286	130	101	184	225	110	138	280	73	181	133	97	171	286	192	150	356	209	240	1288	2405	610									
Langá	1379	2131	1568	1720	2405	1893	1049	735	1090	960	610	1155	1765	1023	1409	748	1000	951	1290	777	978	1400	1517	1366	77	202	13									
Urróðsá	84	112	202	102	65	151	162	142	103	55	16	105	63	34	13	19	54	15	37	47	29	29	47	29	297	485	154									
Álfhá	154	341	204	300	386	255	265	267	396	485	268	333	399	202	443	283	245	274	333	242	247	263	283	266	315	649	151									
Hítará	383	525	351	346	649	314	167	252	202	201	151	203	506	273	428	225	257	393	255	279	206	424	355	217	658	1131	465									
Hafnarðará	613	559	595	624	950	701	494	465	562	625	549	562	1131	521	875	661	599	711	818	617	672	735	602	560	352	755	161									
Ströumfjarðará	451	755	433	466	648	391	320	437	350	360	215	327	378	161	334	300	267	308	233	260	253	315	269	226	147	325	68									
Vatnshölsis og vötn																										99	254	13								
Fróðá	182	199	254	225	234	130	94	75	100	60	27	38	100	296	134	203	117	120	76	40	0	80	44	44	57	125	24									
Gríshölsisá og Bakká	60	55	75	70	125	61	24	48	37	64	60	27	38	100	296	134	203	117	120	76	40	0	80	44	142	296	0									
Setbergisá	99	167	114	190	179	177	109	183	121	201	189	277	218	117	242	103	106	101	72	68	33	41	94	46	135	277	33									
Laxá á Skógarströnd	6	10	55	51	135	203	85	182	132	161	128	46	101	35	200	118	90	88	214	112	42	58	48	31	98	150	50									
Skrauma	74	55	55	51	135	203	85	182	132	161	128	46	101	35	200	118	90	88	214	112	42	58	48	31	13	32	0									
Horðudalsá	117	245	121	146	862	926	630	408	814	598	886	633	499	817	650	1232	511	540	703	776	632	407	394	626	331	53	116	17								
Mjóða og Tungva	810	914	904	862	926	630	408	814	598	886	633	499	817	650	1232	511	540	703	776	632	407	394	626	331	118	245	31									
Haukadalsá	341	547	488	419	533	630	324	671	650	947	903	1600	1907	1408	2385	1006	1049	1227	1124	929	625	764	1032	764	688	1232	331									
Laxá í Dólum	202	298	136	242	226	261	140	190	154	214	165	257	449	381	464	203	226	183	330	212	96	157	187	144	928	2385	324									
Flekkudalsá	300	462	343	342	467	509	293	255	237	249	189	133	244	129	360	140	145	241	262	247	100	109	192	148	230	464	96									
Krossá á Skarðsströnd	106	120	109	81	106	156	115	157	126	203	93	27	117	51	208	99	30	100	125	114	44	100	72	28	254	509	100									
Búðardalsá	35	136	185	163	180	90	18	140	111	100	144	137	323	101	768	163	331	327	306	274	243	313	83	25	104	208	27									
Hvolsá og Staðarhólsá	126	309	601	245	681	703	596	276	288	250	181	125	421	386	190	501	280	161	284	220	157	223	111	135	199	768	18									
Fjarðarhornsá	10	27	170	189	203	277	206	111	101	101	98	31	54	112	67	95	130	88	217	292	241	72	251	192	18	60	0									
Laugarðalsá í Ísaf-djúpi	78	172	170	189	203	277	206	111	101	101	98	31	54	112	67	95	130	88	217	292	241	72	251	192	316	703	111									
Ísafjarðará	34	22	56	37	48	41	29	14	21	54	62	23	85	41	32	94	93	64	23	57	61	25	32	32	149	292	31									
Langadalssá	44	100	108	124	101	95	72	46	41	26	25	28	16	16	4	8	33	24	12	4	2	2	2	33	33	95										
Hvannadalssá	182	49	54	20	22	56	37	48	41	29	14	21	54	62	23	85	41	32	94	93	64	23	57	61	71	169	25									
Selá í Steingrímsfróði	44	100	108	124	101	95	72	46	41	26	25	28	16	16	4	8	33	24	12	4	2	2	2	55	182	8										
Staðará í Steingrímsf.	20	20	20	20	20	20	20	20	20	20	20	20	20	20	20	20	20	20	20	20	20	20	20	20	55	182	8									
Vöðalsá í Steingrímsf.	182	49	54	20	22	56	37	48	41	29	14	21	54	62	23	85	41	32	94	93	64	23	57	61	46	94	14									
Hrófá	20	20	20	20	20	20	20	20	20	20	20	20	20	20	20	20	20	20	20	20	20	20	20	20	86	180	19									
Krossá í Bitnu	5	38	92	68	121	219	125	174	61	75	45	70	100	40	89	40	38	28	77	70	20	20	98	43	45	54	5									
Víkudá	44	100	108	124	101	95	72	46	41	26	25	28	16	16	4	8	33	24	12	4	2	2	2	59	123	12										
Prestbakkaná																									33	33	33									



Tafla 16.

Fjöldi veiddra urriða valinna áa á árunum 1987 - 1997.  
Ekki er greint milli staðbundinna og sjógenginna fiska.

Nafn Vatnsfalls	V E I Þ I Á R											Meðal-	Mesta	Minnsta
	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	veiði	veiði	veiði
Laxá í Leirársveit	157	1448	194	219	221	223	180	183	153	157	116	314	1448	153
Andakílsá	4	6	1	5	0	2	1	0	3	1	7	2	6	0
Hvítá í Borgarfirði	152	190	99	192	0	149	155	364	305	722	264	233	722	0
Grímsá og Tunguá	71	49	49	74	4	216	108	357	188	30	136	115	357	4
Þverá og Kjarrá	35	80	36	99	0	121	98	109	152	247	101	98	247	0
Álfhá	29	46	57	108	184	191	156	220	251	261	298	150	261	29
Hítará	5	17	14	30	23	23	39	0	34	61	33	25	61	0
Hörðudalsá	7	0	5	8	0	0	0	0	0	0	0	2	8	0
Miðá og Tunguá		0	0	1	0	4	0	1	0	0		1	4	0
Haukadalsá	0	0	78	3	1	2	1		0	14	0	11	78	0
Staðarhólsá og Hvolsá	3	2	3	2	6	3	1	2	1	2	4	3	6	1
Fjarðarhornsa	0	2	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	2	0
Selá í Steingrímsfirði	0	0		0	0	0	0	0	0	0		0	0	0
Staðará í Steingrímsfirði	0	0	0	0	1	0	0	0	0	0		0	1	0
Hrútafjarðará og Síká	1	1	0	2	7	1	0	0	2	1	2	2	7	0
Miðfjarðará	20	16	7	58	41	6	10	7	9	3	2	18	58	3
Víðidalsá og Fitjá	0	3	26	13	41	34	23	14	16	42	52	21	42	0
Vatnsdalsá	366	685	245	667	571	506	335	388	450	318	300	453	685	245
Fremri Laxá á Ásum	1069	2352	338	2965	4121	3911	2709	2744	2011	1301	2379	2352	4121	338
Húseyjarkvísl	60	7	12	426	476	483	369	540	373	349	407	310	540	7
Hrollleifsdalsá		0	13	7	34	102	59	53		113	32	48	113	0
Flókadalsá		87	27	93	111	109	54	82	0	81	29	72	111	0
Fljótaá		0	3	0	10	0	0	0	0	0	1	1	10	0
Svarfaðardalsá				24		44	23	40	18	44	26	32	44	18
Hörgá				23	79	25	24	38	11	46	43	35	79	11
Eyjafjarðará	34	49	26	67	165	86	100	153	130	146	138	96	165	26
Fnjóská	20	8	14	14	31	25	12	45	27	31	53	23	45	8
Skjálfafljót	591	99	150	119	79	88	44	53	6	18	25	125	591	6
Laxá í Aðaldal	835	894	1079	1275	1465	1286	1307	705	900	594	929	1034	1465	594
Laxá í Laxárdal		807	1075	1012	606	708	508	679	723	713	1020	759	1075	508
Laxá í Mývatnssveit		2351	3786	3235	2186	1905	1808	1263	1558	1765	2680	2206	3786	1263
Litluárvötn		710	610	422	784	684	730	583	464	416	269	600	784	416
Ormarsá	35	50	21	20	31	28	15	42	9	33	17	28	50	9
Selá í Vopnaf.	3	8	10	14	9	2	4	2	8	9	6	7	14	2
Vesturdalsá	3	1	9	5	4	4	0	6	1	1	0	3	9	0
Hofsá og Sunnudalsá	11	8	53	31	50	43	54	22	24	30	49	33	54	8
Gílsá og Selfljót	33	12	15	72	70	53	39	20	27	45	77	39	72	12
Breiðdalsá	197	31	15	148	169	245	117	307	242	306	375	178	307	15
Geirlandsá	362	303	356	193	88	109	108	118	251	235	389	212	362	88
Skafhá	442	1286	483	192	424	354	464	405	388	813	969	525	1286	192
Eldvatn í Meðallandi	84	170	92	35	27	38	112	129	171	192	161	105	192	27
Grenlækur		700	894	1425	1648	2640	2338	3311	3638	2730	2493	2147	3638	700
Tungufljót	62	67	148	84	134	134	249	156	174	239	384	145	249	62
Heiðarvatn			215	399	301	373	284	255	116	102	212	256	399	102
Rangár og Fiská				179	163	527	359	337	230	393	635	313	527	163
Ölfusá		60	29	44	70	52	58	366	53	103	161	93	366	29
Sogið	2	6	8	6	10	7	6	11	15	29	23	10	29	2
Hróarholtslækur	403	550	465	322	391	449	301	580	374	326	492	416	580	301

Tafla 17.

Fjöldi veiddra bleikja valinna áa á árunum 1987-1997.  
Ekki er greint milli staðbundinna og sjögenginna fiska.

Minnsta veiði	Minnsta veiði	Nafn vatnsfalls	V E I Þ I Á R										Meðal- veiði	Mesta veiði	Minnsta veiði	
			1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996				1997
448	153	Laxá í Leirársveit	0	7	7	1	4	6	18	14	21	4	35	11	35	0
6	0	Andakilsá	10	231	284	479	3	341	0	3	218	189	238	181	479	0
722	0	Hvítá í Borgarfirði	27	9	15	19	613	88	106	14	12	4	4	83	613	4
357	4	Grímsá og Tunguá	1	2	2	24	250	12	3	6	1	1	0	27	250	0
247	0	Þverá og Kjarrá	3	9	111	76	113	14	35	25	9	7	63	42	113	3
261	29	Álfhá	0	1	2	1	4	6	10	9	2	3	6	4	10	0
61	0	Hítará	193	134	132	234	518	396	184	0	259	131	426	237	518	0
8	0	Hörðudalsá	18	291	231	614	451	340		271	423	361	1021	402	1021	18
4	0	Miðá og Tunguá		73	70	470	478	650	530	411	674	350	396	410	674	70
78	0	Haukadalsá	679	22	11	237	919	149	267		661	747	629	432	919	11
6	1	Staðarhólsá og Hvolsá	401	224	338	941	882	397	616	733	934	1490	1316	752	1490	224
2	0	Fjarðarhornsa	20	107	306	562	536	233	73	80	135	165		222	562	20
0	0	Selá í Steingrímsfirði	261	12		229	334	259	77	404	145	356		231	404	12
1	0	Staðará í Steingrímsfirði	584	35	13	183	385	265	254	163	201	92		218	584	13
7	0	Hrútafjarðará og Síká	269	59	68	221	532	192	135	129	221	499	363	244	532	59
58	3	Miðfjarðará	236	167	89	221	273	152	97	123	144	47	267	165	273	47
42	0	Viðisdalsá og Fitjá	1325	366	26	377	547	467	676	1214	3485	2782	1551	1165	3485	26
685	245	Vatnsdalsá	727	1182	270	1642	1851	1112	1427	1058	812	2498	1861	1313	2498	270
121	338	Fremri Laxá á Ásum	137	236	15	34	52	35	6	26	41	61	52	63	236	6
540	7	Húseyjarkvísl	7	2	8	64	28	17	32	44	48	45	30	30	64	2
113	0	Hrollleifsdalsá		47	45	221	401	410	381	628		218	198	283	628	45
111	0	Flókadalsá	110	1028	280	2134	2198	1144	1040	1673	489	265	1135	1045	2198	110
10	0	Fljótaá		1	44	627	643	881	1242	7071	6928	6931	1648	2602	7071	1
44	18	Svarfaðardalsá				873		1049	668	1691	358	417	475	790	1691	358
79	11	Hörgá				1692	1394	1238	1783	1590	1063	1245	1293	1412	1783	1063
165	26	Eyjafjarðará	1557	1467	127	2123	2836	3095	3080	3319	2151	2098	3625	2316	3625	127
45	8	Fnjóská	496	217	238	390	469	239	251	550	391	339	409	363	550	217
591	6	Skjálbandaflljót	275	338	561	391	331	160	173	198	151	214	506	300	561	151
465	594	Laxá í Aðaldal	35	187	114	137	86	48	114	57	52	29	64	84	187	29
1075	508	Laxá í Laxárdal		18	0	13	8	1	4	1	2	6	18	7	18	0
786	1263	Laxá í Mývatnssveit		1	63	3	2	2	1	0	1	1	24	10	63	0
784	416	Litluársvötn		297	307	310	368	551	259	220	193	131	104	274	551	104
50	9	Ormarsá	245	114	141	181	175	127	131	126	103	101	68	137	245	68
14	2	Selá í Vopnaf.	249	56	52	211	105	103	51	106	84	164	115	118	249	51
9	0	Vesturdalsá	506	51	78	513	1402	726	321	383	474	872	1080	582	1402	51
54	8	Hofsá og Sunnudalsá	357	32	143	67	357	471	268	261	183	344	250	248	471	32
72	12	Gilsá og Selfljót	230	61	71	455	382	368	242	381	261	532	421	309	532	61
307	15	Breiðdalsá	453	74	70	600	22	23	410	369	977	396	197	326	977	22
362	88	Geirlandsá	60	69	48	29	50	43	40	39	48	43	28	45	69	28
1286	192	Skaftá	14	28	12	23	5	7	19	28	14	21	16	17	28	5
192	27	Eldvatn í Meðallandi	21	22	3	21	3	27	19	6	60	114	61	32	114	3
3638	700	Grenlækur		78	12	151	247	177	288	273	403	290	294	221	403	12
249	62	Tungufljót	63	37	28	107	65	46	43	85	67	60	53	59	107	28
399	102	Heiðarvatn			106	203	213	319	159	296	131	89	498	224	498	89
527	163	Rangár og Fiská				75	65	106	90	83	94	165	150	104	165	65
366	29	Ölfusá		8	7	12	17	12	10	72	40	20	30	23	72	7
29	2	Sogið	255	312	227	426	558	173	130	209	316	914	754	389	914	130
580	301	Hróarholtslækur	13	134	110	144	84	172	92	136	169	360	80	136	360	13

**Tafla 18.** Skráð netaveiði á Íslandi 1997. Gefin er fjöldi og þyngd þar sem hún er skráð (þyngd er í kg)

Veiðistaður	Lax		Urriði		Bleikja	
	fjöldi	Þyngd	Fjöldi	Þyngd	fjöldi	Þyngd
Sjávarveiði við Vesturland	30	86			54	
Gufuá	207		2			
Hvítá í Borgarfirði	120		94		2130	
Flekkudalsá	13	46				
Sölvabakki, sjávarveiði			1		90	
Miklavatn í Skagafirði			93	34	175	61
Héraðsvötn	46	115	57		2023	
Miklavatn í Fljótum	60		1		2871	
Skjálfandafljót	82	279			483	
Vestmannsvatn	9	26			4000	
Lagarfljót	56	216				
Miðfjarðará og Kverká	14	39				
Gilsá og Selfjót	1	3	3		212	
Brunná			5			
Skaftá	9		308		12	
Kúðafljót	3	9	100	265		
Veiðivötn			2420	3165	548	273
Þjórsá	1804	5699	172	225	30	27
Hvítá í Árnessýslu	1456	5052	79	84	114	93
Ölfusá	1825	6024	134	134	45	36
Fjöldi samtals	5735		3469		12787	

**Tafla 19.** Fjöldi stangveiddra hafbeitarlaxa sem sleppt var í ár til endurveiði.

Nafn ár	Lax		
	Fjöldi	þyngd	meðalþyngd
Norðlingafljót	837	7022	8,4
Hellisá	291	2168	7,4
Samtals	1128	9190	